

Nr. 021 / 10 Grindjáni GK 25**Ásigling, leki og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 7325
Smíðaður: Hafnarfirði 1991 plast
Stærð: 6,4 brl. 5,8 bt.
Mesta lengd: 8,59 m Skráð lengd: 8,57 m
Breidd: 2,57 m Dýpt: 1,54 m
Vél: Yanmar 213 kW 2006
Fjöldi skipverja: 1



Grindjáni ©Hafþór Hreiðarsson

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 20. ágúst 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 14. febrúar 2010 var Grindjáni GK 25 á siglingu fyrir utan Hafnarfjörð. Veður: NV 9-12 m/s. (Skv. veðurathugun í Straumsvík)

Verið var að sigla bátnum frá Reykjavík til Hafnarfjarðar en þegar hann var staddur í námunda við Æðarskersbauju kom högg á hælinn og leki kom að vélarúmi. Bátsverjinn óskaði eftir aðstoð og björgunarskipið Fiskaklettur var sent á staðinn með dælu og jafnhliða dælingu úr bátnum var hann dreginn til hafnar í Hafnarfirði.

Talsverðar skemmdir urðu á stýrisbúnaði, skrúfu og gír.

Við rannsókn kom fram:

- að bátsverjinn kvaðst hafa verið á um 15 hnúta ferð og á öruggri siglingaleið. Hann taldi sig hafa siglt á rekald;
- að ekki var hægt að rekja siglinguna eftir STK kerfi þar sem Racal-tækið var ekki gangsett um borð fyrr en eftir atvikið. Bátsverjinn kvaðst hafa tilkynnt brottför úr höfn;
- að þegar merki fóru að berast frá STK kerfi skipsins var það statt á 2 metra jafndýpslínu;
- að skipstjórinn hafði einungis farið um þetta svæðið einu sinni áður.

Nefndarálit:

Nefndin telur í ljósi staðsetningar skipins eftir að STK kerfið fór að senda gefa tilefni til að álykta að bátnum hafi verið siglt yfir grunnsævi.

Nefndin átelur skipstjórann fyrir að hafa ekki gangsett STK kerfið áður en hann lét úr höfn.